



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsögðu 7
101 Reykjavík

Skagaströnd 26. júní 2026
Málsnúmer IRN26040127

Efni: Umsögn vegna endurskoðunar byggðakvótakerfisins

Sveitarfélaginu Skagaströnd barst erindi Innviðaráðuneytisins dags. 8.5.2026 hvar óskað var eftir umsögn um áhrif byggðakvóta á sveitarfélagið í ljósi heildarendurskoðunar á byggðakvótakerfinu sem hafin hefur verið hjá ráðuneytinu.

Sveitarfélagið þakkar ráðuneytinu veittan frest til skila umsagnarinnar en gerir jafnframt athugasemd við að sveitarfélögum hafi verið send beiðni um umsögn í mikilvægu máli sem þessu í kringum sveitarstjórnarkosningar. Víðast hvar verða miklar breytingar á þessu tímabili og hefði verið heppilegra að senda beiðnina fyrir eða fresta henni fram á haust.

Sveitarfélagið fagnar því að ráðist hafi verið í heildarendurskoðun á byggðakvótakerfinu í samráði við sveitarfélög sem hafa reynslu af kerfinu. Núverandi fyrirkomulag byggir að hluta á gömlu kerfi sem ekki hefur þróast í takt við breytingar í atvinnulífi og byggðaðþróun. Afleiðingin er sú að áhrif byggðakvótans eru víða takmörkuð og ná ekki að uppfylla markmið um að styrkja byggðir sem orðið hafa fyrir samdrætti í sjávarútvegi. Hér á eftir má finna helstu sjónarmið sem sveitarfélagið vill koma á framfæri vegna málsins.

1. Markmið byggðakvótakerfisins

Helsta markmið byggðakvótakerfisins ætti að vera að stuðla að byggðafestu með því að skapa raunverulegar forsendur fyrir atvinnu og tekjusköpun með hliðsjón af aðstæðum í viðkomandi byggðarlagi. Sérstök áhersla þarf að vera á byggðir sem hafa orðið fyrir samdrætti í sjávarútvegi þar sem aðrar atvinnugreinar hafa ekki komið í staðinn að hluta eða öllu leyti.

Nauðsynlegt er að tryggja að sem stærstur hluti þess virðis sem verður til við veiðar skili sér til viðkomandi samfélags og á það sjónarmið sérstaklega við í þeim sveitarfélögum þar sem ekki er starfandi vinnsla. Í því felst að tryggja þarf ekki aðeins löndun afla, heldur þarf kerfið að vera þannig upp sett að virði sem verður til eftir að afla er landað fari ekki frá samfélaginu. Útgerðir og áhafnir hafi raunveruleg tengsl við byggðarlagið, áhafnir hafi til að mynda lögheimili á staðnum og greiði útsvar til byggðarlagsins, nýti staðbundna þjónustu og styrki þannig afleidd störf.

Markmið kerfisins eiga því ekki aðeins að snúast um hráefnisöflun heldur einnig að stuðla að víðtækri verðmætasköpun, atvinnu, þjónustustarfsemi og sjálfbærri byggðaðþróun.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Tínbraut 1-3 545 Skagaströnd

Sveitarfélagið leggur sérstaka áherslu á að stuðningur við atvinnu og tekjusköpun, trygging landana og raunveruleg verðmætasköpun í viðkomandi byggðarlagi eigi að vegna þyngst við mótun kerfisins.

2. Reynsla af núverandi fyrirkomulagi

Reynsla sveitarfélagsins af núverandi fyrirkomulagi er að hluta til neikvæð. Almennur byggðakvóti er einfaldlega of lítill og dreifist á of mörg sveitarfélög. Á Skagaströnd dreifist byggðakvótinn aftur niður á marga báta og því eru áhrifin fyrir hvern og einn þeirra mjög takmörkuð, þótt auðvitað skipti hvert tonn sem landað er máli fyrir bæði sjómenn, sveitarfélagið og samfélagið í heild. Staðreyndin er þó sú að kerfið skapar ekki grundvöll fyrir heilsársstörfum heldur einungis litla viðbót við núverandi veiðar. Almennar úthlutunarreglur regluverksins taka enda ekki mið af raunstöðu þeirra byggðarlaga og skipa sem njóta úthlutana og það leiðir í sumum tilfellum til þess að úthlutanir renna til aflamikilla skipa á tiltölulega sterkum atvinnusóknarsvæðum. Það takmarkar möguleika þessara verðmæta til að styðja við minni byggðarlög þar sem samdráttur hefur verið í sjávarútvegi og úthlutanir hafa raunverulegt vægi en missa að hluta marks vegna þess hversu lítið er til skiptanna milli þeirra aðila sem um ræðir.

Sveitarfélagið hefur jafnframt orðið fyrir verulegum skerðingum í úthlutun. Úthlutun lækkaði til að mynda úr 300 tonnum í 179 tonn árið 2016/2017 og síðar úr 170 tonnum í 55 þorskígildistonn árið 2024/2025. Slíkar breytingar hafa verulega neikvæð áhrif á byggðarlagið, og fyrirsjáanleika þeirra sem stunda veiðar. Enn fremur gera umræddar breytingar möguleika á vinnslu í byggðarlaginu að engu.

Sú staða hefur komið upp að skip í eigu útgerða utan sveitarfélagsins eru skráð á Skagaströnd í því skyni að njóta úthlutunar byggðakvóta. Þótt löndun afla fari fram á staðnum liggur fyrir að slíkt fyrirkomulag skilar ekki sama ávinningi til byggðarlagsins í heild, þar sem hvorki útgerðir né áhafnir hafa lögheimili í sveitarfélaginu. Af þeirri ástæðu skila tekjur, svo sem útsvar, sér ekki til sveitarfélagsins og nýting staðbundinnar þjónustu verður jafnframt minni en ella. Sveitarfélagið telur að slíkt fyrirkomulag leiði til virðisleka úr samfélaginu og gangi gegn markmiðum byggðakvótakerfisins um að efla atvinnulíf, tekjur og byggðafestu í viðkomandi byggðarlagi. Jafnframt gerir sveitarfélagið athugasemdir við að aflamikil skip, sem skráð eru tilteknum svæðum en stunda ekki veiðar eða löndun þar, geti haft áhrif á útreikning og úthlutun byggðakvóta. Slík skráning getur skekkt grundvöll úthlutunar með þeim afleiðingum að sveitarfélag ber skaða af án þess að hafa raunverulega möguleika á að bregðast við eða leiðrétta stöðuna. Að mati sveitarfélagsins er nauðsynlegt að skapa kerfi þar sem mögulegt er að taka mið af slíkri skráningu skipa og tryggja þannig að úthlutun byggðakvóta endurspeglí raunverulega starfsemi og tengsl við viðkomandi byggðarlag.

3. Framtíðarfyrirkomulag kerfisins

Svarið ræðst í meginatriðum af því hvernig til tekst við endurskoðun kerfisins. Miðað við núverandi stöðu og síðustu úthlutun almenns byggðakvóta til sveitarfélagsins er talið rétt að leggja aukna áherslu á aðrar leiðir, svo sem samningsbundnar útfærslur og innviðaleið, til að



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

stydja við uppbyggingu og atvinnulíf í byggðarlaginu. Takist vel til við endurskoðun kerfisins er það þó mat sveitarfélagsins að byggðarkvóti geti haft veruleg jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu og jafnvel orðið til þess að forsendur verði aftur til staðar fyrir starfsemi vinnslu í byggðalögum eins og Skagaströnd. Forsenda þess er að áhersla verði lögð á að styðja með markvissari hætti við þau sveitarfélög sem raunverulega þurfa á stuðningi að halda, sérstaklega fámenn byggðalög þar sem aðrar atvinnugreinar hafa ekki komið í stað sjávarútvegs eftir samdrátt í greininni.

Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á að tryggt verði að sem mest virði sitji eftir í byggðarlaginu og að útgerðir og áhafnir þeirra skipa sem fá úthlutaðan byggðakvóta hafi lögheimili í viðkomandi byggðarlagi. Með því er stuðlað að því að tekjur s.s. útsvarstekjur skili sér til samfélagsins og styrki þannig grunn þess til áframhaldandi uppbyggingar. Jafnframt er mikilvægt að áfram verði heimilt að veita undanþágu frá vinnsluskyldu. Þá þarf einnig að tryggja að tekið sé tillit til skráninga aflamikilla skipa sem ekki landa í sveitarfélaginu, þannig að slíkar skráningar hafi ekki neikvæð áhrif á úthlutun byggðakvóta til byggðarlagsins.

Við mótun kerfisins er einnig nauðsynlegt að meta stöðu hvers byggðarlags sérstaklega, þar á meðal hvort aðrar atvinnugreinar hafi komið í stað sjávarútvegs og þannig mildað áhrif samdráttar. Ljóst er að erfitt er að hanna eitt kerfi sem hentar öllum byggðum, þar sem aðstæður eru mismunandi. Því er mikilvægt að tryggja nægjanlegt svigrúm til að aðlaga útfærslu kerfisins að þörfum og stöðu hverrar byggðar fyrir sig.

4. Tímalengd og fyrirsjáanleiki

Sveitarfélagið telur nauðsynlegt að auka fyrirsjáanleika í kerfinu og að æskilegt væri því að úthlutun gildi til lengri tíma, til að mynda í 5–6 ár í senn. Slík tímalengd myndi skapa gott jafnvægi milli stöðugleika og svigrúms til reglubundinnar endurskoðunar. Sveitarfélagið telur jafnframt mikilvægt að fram fari reglubundin endurskoðun á samningstíma, til að mynda á miðju tímabili, án þess þó að slíkt grafi undan rekstraröryggi. Lengri samningstími styður við fjárfestingu, stöðugleika og markvissari atvinnuuppbyggingu í viðkomandi byggðarlagi.

5. Árangursmæling og eftirfylgni

Árangur byggðakvótakerfisins þarf að meta með skýrum og einföldum mælikvörðum sem skapa ekki óhóflega byrði við gagnaöflun og mat. Nauðsynlegt er að taka mið af fjölda landana í byggðarlaginu, beinum tekjum og afleiddri verðmætasköpun innan þess. Einnig þarf að horfa til mögulegrar fjölgunar íbúa og aukningar í heilsársstörfum.

Mikilvægt er að setja skýr og raunhæf markmið sem taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Eftirfylgni þarf að vera regluleg og einföld, án mikillar umsýslu. Í litlum byggðarlögum skiptir hvert starf, hver löndun og aukin nýting innviða miklu máli. Því ætti ekki aðeins að horfa á heildartölur, heldur meta áhrifin í samhengi við aðstæður á hverjum stað.

6. Almennur byggðakvóti

Til þess að almennur byggðakvóti nái markmiði sínu er nauðsynlegt að honum sé beint í ríkari mæli til færri byggðarlaga. Núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að kvótanum er dreift á of



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Tínbraut 1-3 545 Skagaströnd

marga aðila, með þeim afleiðingum að áhrif hans verða víðast hvar takmörkuð. Byggðakvóti þarf að vera raunverulegt og öflugt stuðningsúrræði en ekki aðeins lítil viðbót við starfsemi sem þegar er fyrir hendi. Almennar úthlutunarreglur taka ekki nægjanlegt mið af raunstöðu þeirra byggðarlaga og skipa sem njóta úthlutunar. Í sumum tilfellum leiðir það til þess að úthlutun rennur til aflamikilla skipa á tiltölulega sterkum atvinnusvæðum, þar sem þörfin er minni. Þetta dregur úr getu byggðakvótans til að styðja við minni og viðkvæmari byggðarlög þar sem samdráttur hefur orðið í sjávarútvegi.

Að mati sveitarfélagsins eru breytingar á núverandi kerfi aðkallandi til að tryggja að það nái þeim markmiðum sem að var stefnt og að tryggður verði raunverulegur byggðalegur ávinningur af úthlutun hans eftir því sem kostur er. Jafnframt er mikilvægt að auka fyrirsjáanleika í úthlutunum til að koma í veg fyrir áföll sem geta fylgt miklum og sveiflukenndum breytingum milli ára.

7. Sértekur byggðakvóti

Reynsla bendir til þess að sértekur byggðakvóti hafi almennt skilað betri árangri en almennur byggðakvóti og hefur þar mikil áhrif að hann er bundinn við færri aðila og hefur því meiri áhrif. Sveitarfélagið telur að sértekur byggðakvóti eigi áfram að vera mikilvægt úrræði þar sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. Afmörkun þátttöku í kerfinu

Sveitarfélagið telur mikilvægt að taka mið af íbúafjölda en að taka skuli mið af fleiri þáttum, svo sem vægi sjávarútvegs í atvinnulífi áður en samdráttur varð í greininni og þeirri atvinnuþróun sem átt hefur sér stað í byggðarlaginu upp frá því. Mikilvægt er að tryggja að stuðningur beinist fyrst og fremst að þeim byggðarlögum sem raunverulega þurfa á honum að halda, sérstaklega smærri og viðkvæmari byggðum. Að mati sveitarfélagsins er ekki þörf á slíkum stuðningi í byggðarlögum þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og stendur sterkum fótum. Leggja þarf aukna áherslu á þau byggðarlög þar sem íbúafjöldi hefur staðið í stað eða dregist saman, á sama tíma og fólksfjölgun hefur orðið víðar annars staðar á landinu.

9. Ráðstöfun og skilyrði

Sveitarfélagið leggur áherslu á að settur verði skýr rammi sem tryggir að verðmæti skili sér til byggðarlagsins, það á sérstaklega við um byggðalög þar sem fiskvinnsla er ekki starfandi og afla er landað á markað. Í því felst að gerð sé krafa um að útgerðir sem fá úthlutaðum byggðakvóta séu skráðar í sveitarfélaginu, að áhafnir hafi þar lögheimili og að löndun fari fram á staðnum. Með slíku fyrirkomulagi er stuðlað að því að sem mest virði verði eftir í byggðarlaginu og að áhrif stuðningsins verði sem mest. Án skýrra skilyrða er hættu á að ávinningur færist frá byggðarlaginu til aðila utan þess, sem gengur gegn markmiðum kerfisins.

10. Nýsköpun og þróunarverkefni

Rétt þykir að heimila sveitarfélögum að nota hluta byggðakvótakerfisins til nýsköpunar og þróunarverkefna þar sem slíkt getur skilað meiri og varanlegri samfélagslegum ávinningi en hefðbundin úthlutun. Sveitarfélagið telur mikilvægt að sveitarfélögum verði veitt heimild til að



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

leggja fram tillögur að slíkum verkefnum þegar þau telja slíkt líklegra til árangurs en hefðbundin úthlutun. Slík heimild gæti verið bundin við afmarkaðan hluta byggðakvóta og gert ráð fyrir að ráðuneytið meti og samþykki verkefni á grundvelli skýrra viðmiða. Undir slíka ráðstöfun gætu fallið verkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun, nýtingu hráefnis, tækninýjungum eða fjölbreyttara atvinnulífi, svo sem þróun nýrra afurða, aukin vinnsla eða þjónustustarfsemi tengd sjávarútvegi, eða verkefni sem styðja við sjálfbærni og betri nýtingu auðlinda. Til að slík ráðstöfun teljist réttlæt看anleg þarf hún að skila mælanlegum ávinningi fyrir viðkomandi byggðarlag, svo sem aukinni atvinnu, aukinni verðmætasköpun eða styrkari rekstrargrundvelli til lengri tíma. Mikilvægt er að verkefnin séu tímabundin, metin reglulega og að fram fari eftirfylgni með árangri þeirra.

Sveitarfélagið telur að sveitarfélög séu best til þess fallin að meta hvaða aðgerðir skila mestum árangri í eigin byggðarlagi og því sé mikilvægt að þau hafi virka aðkomu að mótun og tillögugerð slíkra verkefna.

11. Forgangsröðun

Sveitarfélagið setur upp eftirfarandi forgangsröðun breytinga á kerfinu með vísan til þeirra sjónarmiða sem tekin hafa verið saman hér á undan:

- 3) Nauðsynlegt er að draga úr dreifingu byggðakvóta á of marga aðila og taka í auknum mæli mið af raunverulegri stöðu byggðarlaga, svo sem atvinnuþróun, fólksfækkun og vægi sjávarútvegs.
- 3) Tryggja þarf að byggðakvóti skili raunverulegum samfélagslegum ávinningi í viðkomandi byggðarlagi. Mikilvægt er að setja skýr skilyrði um tengsl útgerða og áhafna við byggðarlagið, svo sem lögheimili og skráningu, þannig að tekjur og verðmæti skili sér til samfélagsins en leki ekki út úr því um leið og afla hefur verið landað.
- 3) Auka þarf fyrirsjáanleika og stöðugleika í úthlutun byggðakvóta. Lengri úthlutunartími og stöðugri reglur eru lykilforsenda þess að byggðakvóti nýtist til að styðja við fjárfestingu, atvinnuuppbyggingu og byggðafestu til lengri tíma.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Stefánsdóttir



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Staðgengill sveitarstjóra